

# **Samningur**

**mennta- og menningarmálaráðuneytis  
við Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð  
um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, kt. 671010-1670, í samningi þessum nefnt Fjölmennt, gera með sér svofelldan samning á grundvelli heimildar í 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárréiður ríkisins og reglugerðar nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

## **1. Markmið og starfsemi**

### **1.1. Markmið**

Meginmarkmið með samningi þessum er að fötluðu fólk, 20 ára og eldri, bjóðist fjölbreytt símenntun í formi náms og námskeiða að loknu formlegu námi í framhaldsskóla. Markhópur Fjölmenntar er fólk sem þarfust sérstaks stuðnings til náms sökum fötlunar sinnar og getur ekki nýtt sér nám annars staðar. Sérstök úrræði eins og þessi þjónustusamningur kveður á um eru því nauðsynleg til að tryggja þeim símenntun til jafns við aðra.

Lögð er áhersla á að veita fötluðu fólk tækifæri til að nýta sér eins og frekast er kostur almennt námsframboð á símenntunarmarkaði. Með því skal leitast við að framfylgja hugmyndafræði samskipunar og blöndunar um að fatlaðir eigi sama aðgengi og aðrir að almennri þjónustu í samfélaginu.

Stefnt er að því að gefa sem flestum kost á símenntun við hæfi og að möguleikar þessa hóps til að taka þátt í símenntun verði eftir því sem unnt er áþekkir og hjá öðrum.

Umfang þjónustunnar er skilgreint í árlegum áætlunum sem Fjölmennt skilar til ráðuneytisins sbr. lið 4.2.1 samnings þessa.

### **1.2. Starfsemi**

Fjölmennt greiðir aðallega á þrennan hátt fyrir því að fatlað fólk geti tekið þátt í símenntun með því að veita eftirtalda þjónustu, sjá einnig fylgiskjal 1:

#### **1.2.1. Veitir ráðgjöf.**

- Veita öðrum símenntunaraðilum ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd náms fyrir fatlað fólk, bæði nám sem er sérstaklega sniðið að þörfum þess og almennt nám sem það gæti stundað með öðrum.
- Veita fötluðu fólk ráðgjöf við að velja og nýta sér námstilboð á vegum annarra símenntunar- og fræðslustofnana.

#### **1.2.2. Starfar með öðrum símenntunaraðilum.**

- Fjölmennt á rétt á að kaupa þjónustu af verktökum vegna afmarkaðra þátta í rekstri miðstöðvarinnar, en slík kaup leysa hana þó ekki undan ábyrgð á framkvæmd samningsins. Skal ekki gera minni kröfur til verktaka en gerðar eru til Fjölmenntar í samningi þessum.
- Stuðla að því að aðrir símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólk og aðstoða við að setja upp slík námskeið til að auka fjölbreytileika og gæði.
- Vinna að því að námstilboð þessara aðila séu í samræmi við hugmyndafræði samskipunar og blöndunar.

6/6

- Niðurgreiða námskeið þannig að fatlað fólk greiði ekki meira fyrir námið en aðrir, að teknu tilliti til styrkja til þáttakenda.
- Fylgjast með gæðum náms sem þessum hópi er boðið.

#### 1.2.3. Heldur námskeið.

- Halda sértaek námskeið fyrir þá sem geta ekki nýtt sér námstilboð annarra símenntunaraðila eða að framboð á námskeiðum er ekki fyrir hendi. Við skipulagningu og uppbyggingu þeirra námskeiða ber að leggja áherslu á fjölbreytni og sveigjanleika. Þar er m.a. átt við sveigjanleika í tímasetningu námskeiða, t.d. dag-, síðdegis- og kvöldnámskeið. Jafnframt ber Fjölmennt að haga ráðningu starfsmanna með þeim hætti að það falli sem best að kröfum um sveigjanleika og anda samnings þessa.

### 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa er ræðst af fjárveitingu í fjárlögum hvers árs og er það 235,8 m.kr. árið 2015.

2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárréiður ríkisins, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímann verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Fjölmennt standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Fjölmennt ekki kröfú á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.

2.4. Fjölmennt starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 3. júní 2010.

### 3. Ábyrgð

3.1. Fjölmennt ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Fjölmennt skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

3.2. Fjölmennt ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.

3.3. Fjölmennt er óheimilt að:

3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.

3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárvkuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Fjölmenntar.

4.2. Fjölmennt skilar ráðuneytinu:

4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok október ár hvert.

4.2.2. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, að afloknunum ársfundí Fjölmenntar eða fyrir 1. júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.

4.2.3. Eigi Fjölmennt í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hennar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

## 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Fjölmenntar funda að lágmarki árlega um samninginn.

5.3. Að afloknunum ársfundí skilar Fjölmennt ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd samningsins á afliðnu ári þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.

5.4. Fjölmennt skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.

5.5. Fjölmennt veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

5.6. Samning þennan, ársreikning Fjölmenntar, skýrslu um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Fjölmenntar jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

5.7. Fjölmennt setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hennar, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlunar.

## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

6.1. Fjölmennt tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.

6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Fjölmennt ekki skyldur símar samkvæmt samningi þessum.

6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 7. Gildistími og lok samnings

7.1. Samningurinn gildir frá 1. jan. 2015 til 31. des. 2017.

6/11

7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

7.3. Óski annar hvor samningsaðila eftir að semja um áframhald eftir að gildistíma samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.

7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 4. desember 2015

Hellen M. Gunnarsdóttir  
F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

Gertur Þórhildur  
F.h. Fjölmenntar

## Samningur við Fjölmennt 2015-2017

### Fylgiskjal 1

#### Umfang starfseminnar:

Fjölmennt rekur eina fasta starfsstöð að Vínlandsleið í Reykjavík. Þar fer fram kennsla þeirra sem flóknastar þjónustuþarfir hafa. Þar eru jafnframt skrifstofur, vinnuaðstaða og aðsetur ráðgjafa Fjölmenntar.

Í samræmi við ályktanir og stefnu stjórnar Fjölmenntar var haustið 2012 gerður samningur við Mími-símenntun um námskeiðahald fyrir hluta markhóps Fjölmenntar. Með samningi þessum er fötluðu fólk á höfuðborgarsvæðinu gefið tækifæri til að nýta sér eins og frekast er kostur námsframboð á almennum símenntunarmarkaði.

Til að tryggja fötluðu fólk á landsbyggðinni nám til jafns við fólk á höfuðborgarsvæðinu eru gerðir samningar við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Stöðvarnar skipuleggja námskeið fyrir fatlað fólk á sínu svæði. Samningar eru gerðir við eftirfarandi stöðvar:

Símenntunarstöð Vesturlands, Borgarnesi  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ísafirði  
Farskólann Norðurlandi vestra, Sauðárkróki  
Símenntunarstöð Eyjafjarðar, Akureyri  
Þekkingarnet Þingeyinga, Húsavík  
Austurbrú, Egilsstöðum  
Fræðslunet Suðurlands, Selfossi  
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum  
Visku, Vestmannaeyjum

Allnokkur reynsla er komin á þetta fyrirkomulag. Lögð er áhersla á að skipta fjármagni milli símenntunarstöðvanna í samræmi við fjölda fatlaðs fólks á hverju svæði auk þess sem tekið er tillit til landfræðilegra aðstæðna. Fjölmennt sinnir ráðgjöf varðandi kennsluhætti og leggur til námsefni eftir því sem þörf krefur og óskir koma um.

#### Ný verkefni á gildistíma samnings:

- Auka námstilboð fyrir fólk á einhverfurófi. Námskeiðin eru aðallega ætluð fólk sem hefur fengið greiningu á einhverfu á unglings- eða fullorðinsárum. Þessi hópur fær hvergi nám við hæfi, er oft ekki í vinnu og hefur einangrast heima hjá sér.
- Hanna samfellt nám fyrir fólk á einhverfurófi sem er með flóknar þjónustuþarfir. Um er að ræða nám fyrir fólk sem á ekki kost á neinni annarri menntun en þeirri sem Fjölmennt býður

uppá. Þessi hópur á nú ekki kost á neinu samfelldu námi eftir að framhaldsskóla lýkur. Margir sem komnir eru á fertugsaldur áttu heldur ekki kost á að stunda framhaldsskólanám.

- Bjóða upp á námskeið yfir sumartímann.
- Vilji er til að kanna samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fleiri aðila varðandi þróun atvinnutengds náms fyrir ungt fatlað fólk.
- Skoða samstarf við sveitarfélög um kennslu í heimilishaldi á heimilum fatlaðs fólks. Með því að hafa námið á heimilum fólks væri um leið verið að miðla þekkingu til starfsfólks heimilanna.
- Vilji er fyrir því að koma á fót heildstæðu námstilboði í myndlist fyrir fólk með þroskahömlun. Horft er til samstarfs við Myndlistarskóla Reykjavíkur.
- Vinna að nýrri nálgun í námi fyrir fólk með geðfötlun. Nemendum hefur fækkað verulega undanfarin ár og af ýmsum ástæðum brýnt að endurskoða skipulag námsins.